

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013, um veiðar á sæbjúgum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skilgreind veiðisvæði sæbjúgna eru eftirfarandi, enda uppfylli veiðisvæði skilyrði Matvæla-
stofnunar um heilnæmi afurða á fyrirhuguðu veiðitímabili:

1. Austurland:

1. 65° 05,40' N - 13° 21,00' V
2. 65° 05,40' N - 13° 33,00' V
3. 64° 43,20' N - 13° 53,40' V
4. 64° 43,20' N - 13° 41,40' V
5. 65° 05,40' N - 13° 21,00' V

2. Faxaflói:

1. 64° 06,00' N - 22° 24,00' V
2. 64° 06,00' N - 22° 49,20' V
3. 64° 21,00' N - 22° 49,20' V
4. 64° 21,00' N - 22° 24,00' V
5. 64° 06,00' N - 22° 24,00' V

3. Aðalvík:

1. 66° 21,00' N - 23° 03,00' V
2. 66° 21,00' N - 23° 15,00' V
3. 66° 25,80' N - 23° 15,00' V
4. 66° 25,80' N - 23° 03,00' V
5. 66° 21,00' N - 23° 03,00' V

Veiðar eru heimilaðar utan skilgreindra veiðisvæða, enda uppfylli veiðisvæði skilyrði Matvæla-
stofnunar um heilnæmi afurða á fyrirhuguðu veiðitímabili. Ekki er heimilt í einni og sömu veiðiferð
að veiða innan skilgreinds veiðisvæðis og utan.

Við veiðar á sæbjúgum skal plógstærð ekki fara yfir 2,5 m. Þá er lágmarksmöskvastærð netpoka
100 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands,
með síðari breytingum og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglu-
gerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. maí 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.